

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 595/2010

2011/EES/59/47

frá 2. júlí 2010

um breytingu á VIII., X. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manndis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón afsáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manndis ⁽¹⁾, einkum fyrstu og annarri undirgrein 1. mgr. 32. gr.,

Til að greiða fyrir notkun á slíku blóði og blóðafurðum er nauðsynlegt að mæla fyrir um kröfur um heilbrigði dýra vegna notkunar þeirra í tæknilegum tilgangi. Slíkar kröfur ættu að draga úr hugsanlegri áhættu á útbreiðslu tiltekinna sjúkdóma, sem skylt er að tilkynna um, sem eru tilgreindir í tilskipun ráðsins 90/426/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum ⁽²⁾, á grundvelli fyrirbyggjandi vísindabekkingar. Blóðið skal einkum koma frá sláturhúsum sem hafa verið samþykkt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽³⁾ eða frá starfsstöðvum sem lögbært yfirvald í þriðja landinu hefur samþykkt til söfnunar á blóði og eru undir eftirliti þess, s.s. bújarðir þar sem dýr eru haldin við sérstök heilbrigðisskilyrði.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og lýðheilsu er varða aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manndis. Þar er kveðið á um að unnið dýrprótín og aðrar unnar afurðir sem hægt er að nota sem fôðurefni skuli einungis sett á markað ef þau hafa verið unnin í samræmi við VII. viðauka við þá reglugerð. Að auki er kveðið á um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 að gæludýrafóður, nagbein og tæknilegar afurðir og þær aukaafurðir úr dýrum sem um getur í VIII. viðauka skuli einungis sett á markað ef þau uppfylla þær sértæku kröfur sem settar eru fram í þeim viðauka.
- 2) Í V. kafla VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 eru eins og sakir standa settar fram samræmdar kröfur er varða setningu á markað og innflutning á sermi úr dýrum af hestaætt. Hins vegar hafa tiltekin aðildarríki, viðskiptaaðilar og rekstraraðilar gefið til kynna áhuga sinn á að nota blóð og breiðara úrval blóðafurða úr dýrum af hestaætt, sem eiga uppruna sinn í Sambandinu og í þriðju löndum, í tæknilegum tilgangi innan Sambandsins.
- 3) Í X. kafla VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 eru settar fram kröfur vegna innflutnings á hornum og hornafurðum (að undanskildu hornamjöli), hófum og klaufum og afurðum úr hófum og klaufum (að undanskildu mjóli úr hófum og klaufum) sem eru ætluð til annarrar notkunar en sem fôðurefni, lífrænn áburður eða jarðvegsbætur.
- 4) Rekstraraðilar hafa gefið til kynna áhuga sinn á notkun slíkra aukaafurða úr dýrum til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbæti. Hins vegar skal einungis heimila setningu slíkra aukaafurða úr dýrum á markað, þ.m.t. innflutningur, ef þær eru úr dýrum sem eru hæf til slátrunar til manndis eða sem sýndu engin klínísk einkenni smitsjúkdóms og ef þær hafa verið meðhöndlaðar til að draga úr hugsanlegri heilbrigðisáhættu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

(1) Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 42.

(3) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

- 5) Ef um er að ræða horn skal gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirfærslu smitandi heilahrönnunar þegar hornin eru fjarlægð af hauskipunni. Vísindastýrningin gaf út álit um dreifingu smits smitandi heilahrönnunar í vefjum jörturdýra (TSE infectivity distribution in ruminant tissues) ⁽⁴⁾. Samkvæmt því áliti skal fjarlægja horn án þess að opna kúpuholið til að koma í veg fyrir víxlmengun vegna smitefnis smitandi heilahrönnunar.
- 6) Til samræmis við það skal bæta nýjum XV. kafla við í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 þar sem tilgreind eru heilbrigðisskiptir vegna setningar á markað, þ.m.t. innflutningur, á hornum og hornafurðum, að undanskildu hornamjöli, hófum og klaufum og afurðum úr hófum og klaufum, að undanskildu mjóli úr hófum og klaufum, sem eru ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbæti.
- 7) Í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002, eins og honum var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 437/2008 ⁽⁵⁾, er sett fram ein fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir mjólk og mjólkurvörur, sem ekki eru ætlaðar til mannelis og eru upprunnar í þriðju löndum, vegna sendingar til eða umflutnings um Sambandið. Í V. kafla VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er mælt fyrir um sértækar kröfur vegna innflutnings á mjólk, mjólkurvörum og broddi og setningu þeirra á markað. Í 3. lið A-þáttar og lið 1.5 í B-þætti í þeim kafla er mælt fyrir um kröfur vegna mysu sem nota á til að fódra dýr af tegundum sem eru smitnæmar fyrir gin- og klaufaveiki. Fyrirmyndin að heilbrigðisvottorði vegna innflutnings á mjólk og mjólkurafurðum, sem ekki eru ætlaðar til mannelis, er sett fram í 2. kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002. Kröfurnar vegna mysu, sem settar eru fram í þeirri fyrirmynd að vottorði, eru strangari en samsvarandi kröfur fyrir mysu í viðskiptum innan Sambandsins sem settar eru fram í V. kafla VII. viðauka við þá reglugerð. Til samræmis við það skal breyta fyrirmyndinni að vottorðinu þannig að kröfurnar vegna innflutnings á mysu séu ekki óhagstæðari en þær sem gilda um framleiðslu og setningu mysu á markað í viðskiptum innan Sambandsins. Því ber að breyta fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorðinu í 2. kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.
- 8) Í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 eru settar fram skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríki geta heimilað innflutning frá á tilteknum aukaafurðum úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis, með tilvísunum í ákvörðun ráðsins 79/542/EBE ⁽⁶⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/296/EB ⁽⁷⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/85/EB ⁽⁸⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/984/EB ⁽⁹⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/585/EB ⁽¹⁰⁾, ákvörðun

framkvæmdastjórnarinnar 2000/609/EB ⁽¹¹⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/211/EB ⁽¹²⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/438/EB ⁽¹³⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/696/EB ⁽¹⁴⁾. Þessum lagagæringum hefur verið breytt umtalsvert eða aðrir komið í þeirra stað. Breyta skal XI. viðauka til að taka til greina breytingar á þessum gæringum Sambandsins.

- 9) Kveða skal á um aðlögunartímabil eftir gildistöku þessarar reglugerðar til að veita hagsmunaaðilum nauðsynlegan tíma til að laga sig að hinum nýju reglum og til að halda megi áfram innflutningi á aukaafurðum úr dýrum inn í Sambandið eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 þangað til breytingarnar sem innleiddar eru með þessari reglugerð taka gildi.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VIII., X. og XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Á aðlögunartímabili sem stendur til 31. ágúst 2010 skulu aðildarríki taka við sendingum af mjólk og mjólkurvörum, sermi úr dýrum af hestaætt og meðhöndluðum blóðafurðum, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á tæknilegum vörum, ef þeim fylgir heilbrigðisvottorð sem fyllt er út og undirritað í samræmi við viðeigandi fyrirmynd að vottorði, eins og sett er fram í 2. kafla, 4. kafla A og 4. kafla D, eftir því sem við á, í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

Fram til 30. október 2010 skulu aðildarríkin taka við slíkum sendingum ef meðfylgjandi heilbrigðisvottorð voru fyllt út og undirritað fyrir 1. september 2010.

⁽⁴⁾ Álit vísindastýrningarinnar sem samþykkt var á fundi hennar 10. og 11. janúar 2002 og breytt á fundi hennar 7. og 8. nóvember 2002.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 132, 22.5.2008, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 146, 14.6.1979, bls. 15.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 122, 14.5.1997, bls. 21.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 122, 17.2.1994, bls. 31.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 378, 31.12.1994, bls. 11.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 251, 6.10.2000, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 258, 12.10.2000, bls. 49.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 73, 11.3.2004, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 154, 30.4.2004, bls. 72.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 295, 25.10.2006, bls. 1.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum VIII., X. og XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað V. kafla komi eftirfarandi:

„V. KAFLI

Kröfur er varða blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt í tæknilegum tilgangiA. *Setning á markað*

Setning blóðs og blóðafurða úr dýrum af hestaætt á markað í tæknilegum tilgangi skal háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Setja má blóð á markað að því tilskildu:

a) að því hafi verið safnað úr dýrum af hestaætt sem:

- i. við eftirlit á þeim degi sem blóðinu var safnað sýndu ekki klínísk einkenni um neinn þeirra tilkynningarskyldu sjúkdóma, sem eru tilgreindir í viðauka A við tilskipun 90/426/EBE og engin einkenni hestainflúensu, píróplasmósu í hestum (e. Equine piroplasmosis), smitandi háls- og lungnakvefs í hestum og smitandi slagæðabólgu í hestum, sem eru tilgreindir í 4. lið gr. 1.2.3. í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, útgáfunni frá 2009,
- ii. hafa verið haldin, í a.m.k. 30 daga fyrir þann dag sem blóðsöfnunin fór fram og á meðan á henni stóð, á bújörðum sem eru undir eftirliti dýralækna og sem ekki sættu banni skv. 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE eða takmörkunum skv. 5. gr. hennar,
- iii. á þeim tíma sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 4. gr. í tilskipun 90/426/EBE komust ekki í snertingu við dýr af hestaætt frá bújörðum sem sættu banni af ástæðum sem varða heilbrigði dýra samkvæmt þeirri grein og sem, í a.m.k. 40 daga fyrir dagsetningu blóðsöfnunarinnar og á meðan á henni stóð, komust ekki í snertingu við dýr af hestaætt frá aðildarríki eða þriðja landi sem ekki er talið laust við afríkuhrossapest í samræmi við a-lið 2. mgr. 5. gr. í þeirri tilskipun,

b) að því hafi verið safnað undir eftirliti dýralækna, annaðhvort:

- i. í sláturhúsum, sem hafa verið samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004, eða
- ii. á starfsstöðvum sem eru samþykktar, hafa fengið samþykkisnúmer heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða og eru undir eftirliti lögbærs yfirvalds í þeim tilgangi að safna blóði úr dýrum af hestaætt til framleiðslu á blóðafurðum í tæknilegum tilgangi.

2. Setja má blóðafurðir á markað að því tilskildu:

a) að allar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar til að forðast að sjúkdómsvaldar mengi blóðafurðirnar á meðan á framleiðslu, meðhöndlun og pökkun stendur,

b) að blóðafurðirnar hafi verið framleiddar úr blóði sem:

- i. annaðhvort uppfyllir skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið 1. liðar, eða
- ii. hefur verið meðhöndlað með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum til að óvirka hugsanlega sjúkdómsvalda afríkuhrossapestar, allra tegunda heila- og mænubólgu í hestum, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólga í hestum, smitandi blóðleysi í hestum, munnblóðrubólgu og snif (*Burkholderia mallei*) og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar:
 - hitameðhöndlun við 65 °C í a.m.k. þrjár klukkustundir,
 - geislun með gammageislum við 25 kGy,
 - breyting á sýrustigi í pH-gildið 5 í tvær klukkustundir,

- hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80 °C.
- 3. Blóði og blóðafurðum úr dýrum af hestaætt skal pakka í lokuð og ógegndræp ílát sem:
 - a) eru merkt skýrum stöfum „BLÓÐ OG BLÓÐAFURÐIR ÚR DÝRUM AF HESTAÆTT, ÓHLÆFT TIL MANNELDIS EÐA Í DÝRAFÓÐUR“
 - b) bera samþykkisnúmer söfnunarstöðvarinnar sem um getur í b-lið 1. liðar.

B. Innflutningur

Aðildarríki skulu heimila innflutning á blóði og blóðafurðum úr dýrum af hestaætt í tæknilegum tilgangi að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Blóðið verður að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. liðar A-þáttar og því skal safnað undir eftirliti dýralæknis, annaðhvort:
 - a) í sláturhúsum,
 - i. sem hafa verið samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004, eða
 - ii. í sláturhúsum sem lögbært yfirvald þriðja lands hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess, eða
 - b) á starfsstöðvum sem eru samþykktar, hafa fengið samþykkisnúmer heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða og eru undir eftirliti lögbærs yfirvalds í þriðja landinu í þeim tilgangi að safna blóði úr dýrum af hestaætt til framleiðslu á blóðafurðum í tæknilegum tilgangi.
2. Blóðafurðirnar verða að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 2. lið A-þáttar.

Að auki verða blóðafurðirnar, sem um getur í i. lið b-liðar 2. liðar í A-þætti, að hafa verið framleiddar úr blóði sem safnað var úr dýrum af hestaætt sem hafa verið haldin í a.m.k. þrjú mánuði fram að söfnun, eða frá fæðingu ef þau eru yngri en þriggja mánaða, á bújörðum sem eru undir eftirliti dýralækna í þriðja landinu þar sem söfnun fer fram og sem hafa, á því tímabili og þegar blóðsöfnunin fór fram, verið lausar við:

 - a) afríkuhrossapest, í samræmi við a-lið 2. mgr. 5. gr. í tilskipun 90/426/EBE,
 - b) venesúlaheila- og mænubólgu í hestum í a.m.k. 2 ár,
 - c) sníf:
 - i. í þrjú ár, eða
 - ii. í sex mánuði ef dýrin hafa ekki sýnt nein klínísk einkenni um sníf (*Burkholderia mallei*) við skoðun eftir slátrun í sláturhúsinu sem um getur í a-lið 1. liðar, þ.m.t. nákvæm rannsókn á slímhúð barka, barkakýlis, nefhols og afholum nefs eftir að haus hefur verið klofinn eftir miðlínu og miðnesið fjarlægð.
 - d) munnblóðrubólgu í sex mánuði.

3. Blóðafurðir skulu koma frá tæknilegri stöð sem lögbært yfirvald þriðja landsins hefur samþykkt og uppfyllir sértæku skilyrðin sem mælt er fyrir um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.
4. Blóð og blóðafurðir verða að koma frá þriðja landi sem er í skránni sem um getur í eftirfarandi hlutum XI. viðauka:
 - a) í XIII. hluta A ef blóðinu hefur verið safnað í samræmi við 1. lið A-þáttar eða ef blóðafurðir hafa verið framleiddar í samræmi við i. lið b-liðar 2. liðar í A-þætti, eða
 - b) í XIII. hluta B ef þau hafa verið meðhöndluð í samræmi við ii. lið b-liðar 2. liðar í A-þætti.
5. Blóði og blóðafurðum skal pakkað og þau merkt í samræmi við a-lið 3. liðar í A-þætti og þeim skal fylgja heilbrigðisvottorð, sem er í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 4. kafla A í X. viðauka, sem er rétt útfyllt og undirritað af opinberum dýralækni.“

b) eftirfarandi XV. kafli bætist við:

„XV. KAFLI

Kröfur er varða horn og hornafurðir, að undanskildu hornamjöli, hófa og klaufir og afurðir úr hófum og klaufum, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, sem eru ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbæti

A. *Setning á markað*

Setning horna og hornafurða, að undanskildu hornamjöli, hófa og klaufa og afurða úr hófum og klaufum, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, sem eru ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbæti, á markað skal háð eftirfarandi skilyrðum:

1. þau verða að vera úr dýrum sem:
 - a) hefur annaðhvort verið slátrað í sláturhúsum og hafa áður gengist undir skoðun þar sem þau voru, í samræmi við löggjöf Sambandsins, talin hæf til slátrunar til manneldis að skoðun lokinni, eða
 - b) sýndu engin klínísk einkenni um sjúkdóm sem getur borist með þeirri afurð í menn eða dýr.
2. þau skulu hafa verið hitameðhöndluð í eina klukkustund þannig að kjarnahitinn varð a.m.k. 80 °C,
3. horn skulu hafa verið fjarlægð án þess að opna kúpuholið,
4. allar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar til að forðast víxlmengun á öllum stigum vinnslu, geymslu eða flutnings,
5. þeim skal pakkað, annaðhvort í nýjar umbúðir eða ílát, eða þau flutt í farartækjum eða gámum undir efni í lausu sem hafa verið sótthreinsaðir fyrir ferminu með efni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,
6. á umbúðunum eða ílátunum skal:
 - a) tilgreina tegund afurðar (horn, hornafurðir, hófar og klaufir eða afurðir úr hófum og klaufum),
 - b) merkt skýrum stöfum „ÓHÆFT TIL MANNELDIS EÐA Í DÝRAFÓÐUR“,
 - c) vera merkt með heiti og heimilisfangi samþykkrar tæknilegrar stöðvar eða geymslustöðvar sem er viðtökustaður.

B. *Innflutningur*

Aðildarríkin skulu heimila innflutning horna og hornafurða, að undanskildu hornamjöli, hófa og klaufa og afurða úr hófum og klaufum, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, sem eru ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbæti, að því tilskildu að:

1. þau komi frá þriðju löndum sem eru tilgreind í skránni í XVIII. hluta XI. viðauka,
 2. þau hafi verið framleidd í samræmi við A-lið þessa kaffla,
 3. þeim fylgi heilbrigðisvottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 18. kaffla X. viðauka, rétt útfyllt og undirritað af opinberum dýralækni,
 4. þau séu flutt, að loknu heilbrigðiseftirliti með dýraafurðum á skoðunarstöð á landamærum á komustað inn í Sambandið, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB og í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, beint á samþykktu, tæknilega stöð eða samþykktu geymslustöð.“
- 2) Ákvæðum X. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. kaffla komi eftirfarandi:

„2. KAFLI

Heilbrigðisvottorð

Fyrir mjólk og mjólkurafurðir, sem ekki eru ætlaðar til mannelis, vegna sendingar til eða umflutnings (²) um Evrópusambandið

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýrafurðir
sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.			
			I.3. Lögbært stjórnvald					
			I.4. Lögbært staðaryfirvald					
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanúmer		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB: Nafn Heimilisfang Póstnúmer Símanúmer					
	I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Uppruna- svæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	I S O - kóði	I.10. Viðtöku- svæði	Kóði
	I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer		I.12. Ákvörðunarstaður Tollvörugemysla <input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Póstnúmer			Samþykkisnúmer
	I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur					
	I.15. Flutningataeki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning: Tilvísun í skjöl:		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB I.17. CITES-Nr.					
	I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-kóði)		I.20. Magn	
	I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>				I.22. Fjöldi pakkninga			
I.23. Auðkenni gáms/innsigli snúmer				I.24. Tegund umbúða				
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem fóður <input type="checkbox"/> Til frekari vinnslu <input type="checkbox"/> Til tæknilegra nota <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>								
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands <input type="checkbox"/> Þriðja land			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/> ISO-kóði					
I.28. Auðkenning vörunnar Tegundir Samþykkisnúmer starfsstöðva Nettóþyngd Númer framleiðslulotu Framleiðslustöð								

LAND

Mjólk og mjólkurafurðir, ekki til mannelis

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
		<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾ og einkum 6. gr. og V. kafla í VII. viðauka við hana og votta að mjólkinn ⁽²⁾ eða mjólkurafurðirnar ⁽¹⁾, sem um getur í reit I.28, uppfylla eftirfarandi skilyrði:</p>
II.1		<p>þær voru framleiddar og unnar í (<i>setjið inn heiti útflutningslands</i>) ⁽³⁾, (<i>setjið inn heiti svæðis</i>) ⁽³⁾, sem er tilgreint í viðaukanum við ákvörðun 2004/438/EB og hefur verið laust við gin- og klaufaveiki og nautapest síðustu 12 mánuðina fyrir útflutning og þar hefur ekki átt sér stað bólusetning gegn nautapest á því tímabili,</p>
II.2.		<p>þær voru framleiddar úr hrámjólk úr dýrum sem sýndu, þegar þau voru mjólkuð, engin klínísk einkenni um sjúkdóm sem getur borist með mjólk í menn eða dýr og sem voru haldin í a.m.k. 30 daga fyrir framleiðslu á bújörðum sem sættu ekki opinberum takmörkunum vegna gin- og klaufaveiki eða nautapestar,</p>
II.3.		<p>þær eru mjólk eða mjólkurvara sem:</p>
		<p>⁽²⁾ <i>annaðhvort</i> [hafa fengið einhverja þá meðhöndlun sem lýst er í lið II.4 eða sambland af þeim]</p>
		<p>⁽²⁾ <i>eða</i> [ef þær eru úr mysu, sem á að gefa dýrum af tegundum sem eru næmar fyrir gin- og klaufaveiki, er mysan fengin úr mjólk sem fékk einhverja þá meðhöndlun sem lýst er í lið II.4 og</p>
		<p>⁽²⁾ <i>annaðhvort</i>[mysunni var safnað a.m.k. 16 klukkustundum eftir hleypingu og pH-gildi hennar er < 6,]</p>
		<p>⁽²⁾ <i>eða</i> [mysan var framleidd a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili greindist ekkert tilvik gin- og klaufaveiki í útflutningslandinu,]</p>
		<p>⁽²⁾<i>eða</i> [mysan var framleidd .../... og að teknu tilliti til tímans sem gert er ráð fyrir að ferðin taki er þessi dagsetning a.m.k. 21 degi áður en sendingin kemur á skoðunarstöð á landamærum Evrópusambandsins,] ⁽⁴⁾</p>
II.4.		<p>þær hafa sætt einni af eftirtöldum meðhöndlunum:</p>
		<p>⁽²⁾ <i>annaðhvort</i> [háhitagerilsneyðingu í skamman tíma við 72 °C í a.m.k. 15 sekúndur eða jafngildri gerilsneyðingu sem gefur neikvæða svörun við fosfatasaprófun, ásamt:</p>
		<p>⁽²⁾ <i>annaðhvort</i> [annarri háhitagerilsneyðingu í skamman tíma við 72 °C í a.m.k. 15 sekúndur eða jafngildri gerilsneyðingu sem nægir til að ná fram neikvæðri svörun við fosfatasaprófun,]</p>
		<p>⁽²⁾ <i>eða</i> [síðari þurrkun sem, ef um er að ræða mjólk sem ætluð er sem fôður, fer fram ásamt viðbótarhitun í 72°C eða meira,]</p>
		<p>⁽²⁾ <i>eða</i> [síðara vinnsluferli þar sem sýrustigið er lækkað og haldið undir pH 6 í a.m.k. eina klukkustund,]</p>
		<p>⁽²⁾⁽⁴⁾ <i>eða</i> [mjólkinn eða mjólkurafurðin var framleidd a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili greindist ekkert tilvik gin- og klaufaveiki í útflutningslandinu,]</p>
		<p>⁽²⁾⁽⁴⁾ <i>eða</i> [mjólkinn eða mjólkurafurðin var framleidd .../... og að teknu tilliti til tímans sem gert er ráð fyrir að ferðin taki er þessi dagsetning a.m.k. 21 degi áður en sendingin kemur á skoðunarstöð á landamærum Evrópusambandsins,]</p>
		<p>⁽²⁾ <i>eða</i> [dauðhreinsun á stigi sem er a.m.k. F₀₃,]</p>
		<p>⁽²⁾ <i>eða</i> [leifturhitun við 132 °C í a.m.k. eina sekúndu, ásamt:</p>
		<p>⁽²⁾ <i>annaðhvort</i> [síðari þurrkun sem, ef um er að ræða mjólk sem ætluð er sem fôður, fer fram ásamt viðbótarhitun í 72 °C eða meira,]</p>
		<p>⁽²⁾ <i>eða</i> [síðara vinnsluferli þar sem sýrustigið er lækkað og haldið undir pH 6 í a.m.k. eina klukkustund,]</p>
		<p>⁽²⁾⁽⁴⁾ <i>eða</i> [mjólkinn eða mjólkurafurðin var framleidd a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili greindist ekkert tilvik gin- og klaufaveiki í útflutningslandinu,]</p>
		<p>⁽²⁾⁽⁴⁾ <i>eða</i> [mjólkinn eða mjólkurafurðin var framleidd .../... og að teknu tilliti til tímans sem gert er ráð fyrir að ferðin taki er þessi dagsetning a.m.k. 21 degi áður en sendingin kemur á skoðunarstöð á landamærum Evrópusambandsins,]</p>

LAND

Mjólk og mjólkurafurðir, ekki til mannelis

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
<p>II.5. allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að mjólkinn eða mjólkurafurðirnar mengist eftir vinnslu,</p> <p>II.6. mjólkinn eða mjólkurafurðirnar eru:</p> <p>(²) <i>annaðhvort</i>[í nýjum gámum,]</p> <p>(²)<i>eða</i> [í ökutækjum eða gámum fyrir efni í lausu, sem hafa verið sótthreinsaðir fyrir fermingu með efni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,]</p> <p><i>og</i> gámarnir eru merktir þannig að tegund mjólkurinnar eða mjólkurafurðanna er tilgreind og með merkimiðum sem á stendur að afurðin sé efni í 3. flokki og ekki ætluð til mannelis.</p> <p>Athugasemdir:</p> <p>I. hluti:</p> <ul style="list-style-type: none"> – Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. – Reitur I.12: Ákvörðunarstaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. – Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfremingar kemur skal sendandi upplýsa skoðunarstöð á landamærum um það við komu inn í Evrópusambandið. – Reitur I.19: Nota skal viðeigandi samræmda tollskrá (ST-kóða) Alþjóðatollastofnunarinnar: 23.09.10, 23.09.90, 35.01, 35.02 eða 35.04. – Reitur I.23: Tilgreina skal gámanúmer og innsigli snúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu. – Reitur I.26 og I.27: Fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð. – Reitur I.28: Framleiðslustöð: fyllið út skráningarnúmer stöðvar þar sem meðhöndlun eða vinnsla fór fram. <p>II. hluti:</p> <p>(¹) Stj. tíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.</p> <p>(²) Stríkið yfir það sem á ekki við.</p> <p>(³) Útfyllist ef leyfi til innflutnings í Evrópusambandið takmarkast við tiltekin svæði viðkomandi þriðja lands.</p> <p>(⁴) Þetta skilyrði gildir einungis um þriðju lönd sem eru tilgreind í „A“-dálki I. viðauka við ákvörðun 2004/438/EB</p> <ul style="list-style-type: none"> – Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti. – Athugasemd til innflytjandans: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum Evrópusambandsins. 		
<p>Opinber dýralæknir</p> <p>Nafn (með hástöfum):</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Stimpill:</p> <p>Menntun, hæfi og titill:</p> <p>Undirskrift:“</p>		

- b) Í stað 4. kafla A komi eftirfarandi:

„4. KAFLI A

Heilbrigðisvottorð

Fyrir innflutning á blóði og blóðafurðum úr dýrum af hestaætt í tæknilegum tilgangi, vegna sendingar til eða umflutnings (?) um Evrópusambandið

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.		
			I.3. Lögbært stjórnvald				
			I.4. Lögbært staðaryfirvald				
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanúmer		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB: Nafn Heimilisfang Póstnúmer Símanúmer				
	I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Uppruna- svæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO - kóði	I.10.
	I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer		I.12. Viðtökustaður: Tollvörugymsla <input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer
	I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur				
	I.15. Flutningatæki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning: Tilvísun í skjöl:		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB				I.17.
	I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-kóði) 30.02		I.20. Magn
	I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>				I.22. Fjöldi pakkninga		
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer				I.24. Tegund umbúða			
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota <input type="checkbox"/>							
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands <input type="checkbox"/> Þriðja land ISO-kóði		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>					
I.28. Auðkenning vörunnar Tegundir (Visindaheiti) Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslustöð							

LAND

Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt í tæknilegum tilgangi

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
II. hluti: Vottorð		Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾ og einkum c-lið 1. mgr. 4. gr., 6. gr. og V. kafla VIII. viðauka og votta að blóðið eða blóðafurðirnar úr dýrum af hestaætt sem er lýst hér að framan:
	II.1	samanstanda af blóði eða blóðafurðum úr dýrum af hestaætt sem uppfylla heilbrigðiskröfnurnar hér á eftir,
	II.2.	samanstanda eingöngu af blóði eða blóðafurðum úr dýrum af hestaætt sem ekki hvorki ætlaðar til manneldis né í föður,
	II.3.	koma frá þriðja landi, yfirráðasvæði eða hluta þess sem er tilgreint í XIII. hluta XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 þar sem eftirfarandi sjúkdómar eru tilkynningaskyldir: afríkuhrossapest, dúrín, sníf (<i>Burkholderia mallei</i>), heila- og mænubólga í hestum (allar tegundir, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólga (VEE)), smitandi blóðleysi í hestum, munnblöðrubólga, hundæði og miltisbrandur,
	II.4.	eru fengnar úr blóði, sem var safnað undir eftirliti dýralæknis, úr dýrum af hestaætt sem voru laus við klínísk einkenni smitsjúkdóms við skoðun þegar því var safnað:
		⁽²⁾ <i>annaðhvort</i> [í sláturhúsum sem hafa verið samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004 ⁽³⁾ ,]
		⁽²⁾ <i>eða</i> [í sláturhúsum sem lögbært yfirvald útflutningslandsins hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess,]
		⁽²⁾ <i>eða</i> [í starfsstöðvum sem lögbært yfirvald útflutningslandsins hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess í þeim tilgangi að safna blóði úr dýrum af hestaætt til framleiðslu á blóðafurðum í tæknilegum tilgangi,]
	II.5.	eru fengnar úr blóði sem var safnað úr dýrum af hestaætt,
	II.5.1.	sem við eftirlit á þeim degi sem blóðinu var safnað sýndu engin klínísk einkenni um neinn þeirra tilkynningarskyldu sjúkdóma, sem eru tilgreindir í viðauka A við tilskipun 90/426/EBE ⁽⁴⁾ og engin einkenni hestainflúensu, píróplasmósu í hestum, smitandi háls- og lungnakvefs í hestum og smitandi slagæðabólgu í hestum, sem eru tilgreindir í 4. lið gr. 1.2.3. í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, útgáfunni frá 2009,
	II.5.2.	sem hafa verið haldin, í a.m.k. 30 daga fyrir þann dag sem blóðsöfnunin fór fram og á meðan á henni stóð, á bújörðum sem eru undir eftirliti dýralækna og sem ekki sættu banni skv. 5. mgr. 4. gr. eða takmarkana vegna afríkuhrossapestar í samræmi við 5. gr. tilskipunar 90/426/EBE,
	II.5.3.	sem komust ekki í snertingu við dýr af hestaætt frá bújörð sem sætti banni af ástæðum sem varða heilbrigði dýra skv. 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE,
	II.5.4.	sem var safnað úr dýrum af hestaætt sem tímalengd bannsins, sem um getur í lið II.5.2 og II.5.3, hefur verið ákvörðuð fyrir sem hér segir:
		⁽²⁾ <i>annaðhvort</i> [ef öllum dýrum af þeim tegundum sem eru næmar fyrir sjúkdómnum og voru á bújörðinni hefur ekki verið slátrað og athafnasvæðið sóttthreinsað hefur bannið: <ul style="list-style-type: none"> – ef um er að ræða sníf (<i>Burkholderia mallei</i>), staðið í sex mánuði frá þeim degi sem dýrum af hestaætt, sem voru haldin sjúkdómnum, var slátrað, – ef um er að ræða einhverja gerð heila- og mænubólgu í hestum, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólga, staðið í sex mánuði frá þeim degi sem dýrum af hestaætt, sem voru haldin sjúkdómnum, var slátrað, – ef um er að ræða smitandi blóðleysi í hestum, staðið fram að þeim degi þegar öllum sýktum dýrum hafði verið slátrað og eftirlifandi dýr sýndu neikvæða svörun í tveimur Coggins-prófunum sem gerðar voru með þriggja mánaða millibili, – staðið í sex mánuði frá þeim degi sem síðasta tilvik munnblöðrubólgu var skráð, – staðið í einn mánuð frá þeim degi sem síðasta tilvik hundæðis var skráð, – staðið í 15 daga frá þeim degi sem síðasta tilvik miltisbrands var skráð.]
		⁽²⁾ <i>eða</i> [ef öllum dýrum af þeim tegundum sem eru næmar fyrir sjúkdómnum og voru á bújörðinni hefur verið slátrað og athafnasvæðið sóttthreinsað skal bannið standa í 30 daga frá þeim degi sem dýrunum var slátrað og athafnasvæðið sóttthreinsað, nema um miltisbrand sé að ræða en þá skal bannið standa í 15 daga]

LAND

Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt til notkunar í tæknilegum tilgangi

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
II.6.	blóðafurðirnar koma frá stöð sem lögbært yfirvald þriðja landins hefur samþykkt og uppfyllir sértæku skilyrðin sem mælt er fyrir um í 17. eða 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.		
II.7.	blóðafurðirnar hafa verið framleiddar úr blóði sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í II.4 og II.5 og		
(2)	<i>annaðhvort</i> [hafa verið framleiddar úr blóði sem safnað var úr dýrum af hestaætt sem hafa verið haldin í a.m.k. þrjú mánuði fram að söfnun, eða frá fæðingu ef þau eru yngri en þriggja mánaða, á bújörðum sem eru undir eftirliti dýralækna í landinu þar sem söfnunin fer fram og sem hafa, á því tímabili og þegar blóðsöfnunin fór fram, verið lausar við:		
	a) afríkuhrossapest í tvö ár		
	b) venesúlaheila- og mænubólgu í hestum í a.m.k. 2 ár,		
	c) sníf		
	(2) <i>annaðhvort</i> [í þrjú ár,]		
